



Héraðssaksóknari
Ólafur Þór Hauksson

Dagsetning 12.5.2025
Málsnúmer DMR25050096

Með erindi þessu óskar dómsmálaráðuneytið eftir upplýsingum er varða meðferð og vörslur gagna og upplýsinga sem urðu til við símhlustanir í tengslum við rannsóknir embættis sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008, sbr. einnig 29. gr. laga nr. 47/2015 (hér eftir gögnin).

Beiðnin er sett fram á grundvelli yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildar ráðherra í tilefni fjölmiðlaumfjöllunar síðustu daga um ætlaða ólögmæta meðferð gagna af hálfu fyrrum starfsmanna embættisins. Er sérstaklega óskað eftir svörum við eftirtöldum spurningum sem og öðrum upplýsingum sem þér teljið skipta máli um meðferð, vörslur og eyðingu gagna sem aflað var með framangreindum hætti.

1. Hvernig var vörslu gagna háttað?
2. Til hvaða ráðstafana var gripið til að tryggja öryggi gagna?
3. Hvernig var þeim aðgangsstýrt?
4. Voru gerðar tæknilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun á aðgangi?
5. Voru til staðar verklagsreglur sem vörðuðu meðferð gagna?
6. Hvaða reglur giltu um eyðingu gagna og á hvaða tímamarki var þeim eytt? Giltu sérstakar reglur um gögn sem töldust ekki varða sakarefni máls hverju sinni?

Tekið skal fram að beiðnin lýtur að verklagi og framkvæmd hjá embættinu almennt. Ekki er óskað eftir upplýsingum um einstök mál. Þess er farið á leit að umbeðnar upplýsingar berist eins fljótt og auðið er.

Fyrir hönd ráðherra,



Haukur Guðmundsson



Ragna Bjarnadóttir